

**REGLUGERÐ**

um breyting á reglugerð nr. 277, 14. júní 1991,  
fyrir Fiskveiðasjóð Íslands.

1. gr.

2. mgr. 3. gr. fellur niður.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 23. júlí 1993.*

**Þorsteinn Pálsson.**

---

*Árni Kolbeinsson.***REGLUGERÐ**

um breytingu á reglugerð nr. 264, 31. desember 1971  
um raforkuvirki, með áorðnum breytingum.

1. gr.

I. kafli hljóði svo:

**Verksvið og tilhögun rafmagnseftirlits.****1.1 Skilgreiningar.**

*Ábyrgðaraðili:* Sá aðili sem ber ábyrgð á markaðssetningu raffangs hér á landi. Ábyrgðaraðili getur verið framleiðandi, umboðsmaður framleiðanda eða innflytjandi. Á ábyrgðaraðila hvíla ákveðnar skyldur umfram aðra seljendur.

*CCA (CENELEC CERTIFICATION AGREEMENT):* Samkomulag evrópska raftækni-  
staðlasambandsins (CENELEC) um vottanir.

*CEE (INTERNATIONAL COMMISSION ON RULES FOR THE APPROVAL OF  
ELECTRICAL EQUIPMENT):* Alþjóðanefndin um reglur um samþykki raffanga.

*CENELEC (COMITÉ EUROPÉEN DE NORMALISATION ELECTROTECHNIQUE):*  
Evrópska raftækniastaðlasambandið.

*Faggilding:* Aðferð sem þar til bær aðili beitir til að veita formlega viðurkenningu á því að aðili sé hæfur til að vinna tiltekin verkefni.

*Gerðarmerki (type identification):* Nafn eða númer sem aðgreinir rafföng sama framleiðanda.

*Heildarskoðun:* Skoðun á öllum raforkuvirkjum/neysluveitum.

*Iðnaðarveita:* Veita, sem fullnægir eftirtöldum skilyrðum:

- Aðflutt raforka kemur með háspennu inn í virki veitunnar, eða er framleidd í eigin aflstöð á veitusvæðinu eða hvort tveggja.
- Veitan skal vera óháð öðrum rafveitum um val á varnarráðstöfunum gegn of hárrí snertispennu.
- Dagleg varsla og viðhald raforkuvirkjanna skal vera falin rafvirkjum fyrirtækisins eða rafvirkjum í þjónustu rafverktaka, sem samkvæmt sérstökum samningi er skyldur til að hafa ætíð næga starfskrafta á staðnum.

*IEC (INTERNATIONAL ELECTROTECHNICAL COMMISSION):* Alþjóðaraftækni-  
nefndin.

*Innra eftirlit:* Skilgreint eftirlitskerfi, sem rafveitum ber að koma sér upp til að tryggja öryggi eigin raforkuvirkja.

*Landsskrá yfir rafverktaka:* Upplýsingar um alla löggilta rafverktaka, sem RER skráir.

*LÍR:* Landssamband íslenskra rafverktaka.

*Lokayfirferð rafverktaka:* Yfirferð allra raforkuvirkja með samanburði við teikningar og verklýsingar þ.m.t. verklagsreglur RER og skráning á reyndarteikningar og í yfirferðarskýrslur eins og við á.

*Löggilding til rafvirkjunarstarfa:* Leyfi sem RER veitir aðilum til rafvirkjunarstarfa, á eigin ábyrgð, að uppfylltum ákveðnum skilyrðum.

*Löggiltur rafverktaki:* Aðili sem hlotið hefur löggildingu RER til rafvirkjunarstarfa.

*Markaðseftirlit:* Markvisst og skipulegt eftirlit með rafföngum á markaði.

*Markaðsgæsla:* Skipulögð og skilgreind starfsemi til að tryggja að rafföng á markaði uppfylli ákvæði um öryggi og séu ekki hættuleg.

*Miðlæg skrá:* Upplýsingar um neysluveitur á öllu landinu, í umsjá RER.

*Neysluveita:* Raflögn innan við stofnkassa (eða búnað, sem gegnir hlutverki stofnkassa), ásamt neyslutækjum, sem tengd eru við dreifikerfi rafveitu. Á einni heimtaug geta verið fleiri en ein neysluveita.

*Raffang:* Hvers konar hlutur sem að einhverju leyti kemur að gagni við nýtingu raforku, þ.e. til vinnslu, flutnings, dreifingar, geymslu, mælinga, breytinga og notkunar raforku, svo sem spennar, hreyflar, mælitæki, neyslutæki, varnarbúnaður og búnaður til raflagna og ætlaður er til notkunar við málspennu allt að 1000 V riðspennu og 1500 V jafnspennu.

*Raforkuvirki:* Mannvirki til vinnslu, dreifingar eða notkunar raforku.

*Rafveita:* Auk hinnar hefðbundnu skilgreiningar, að rafveita sé fyrirtæki sem miðlar og/eða selur raforku, er heitið hér einnig notað yfir fyrirtæki sem framleiðir raforku.

*RER:* Rafmagnseftirlit ríkisins.

*Reyndarteikning:* Teikning er sýnir endanlegan frágang verks, t.d. endanlegt samhengi og tengingar raflagnar.

*RSÍ:* Rafiðnaðarsamband Íslands.

*Seljandi:* Framleiðandi raffangs, umboðsmaður framleiðanda, innflytjandi, milliliður á síðari stigum, dreifingaraðili eða mäsali, þ.m.t. rafverktaki sem selur raflagnaefni.

*SÍR:* Samband íslenskra rafveitna.

*Skoðun:* Faglegt mat á hönnun raforkuvirkja, frágangi þeirra og samsetningu eða þjónustu við þau, til að ákvarða samræmi þeirra við kröfur gildandi reglugerðar.

*Skoðunarstofa:* Óháður faggiltur aðili sem annast skoðun.

*Staðlað raforkuvirki:* Fleiri en eitt raforkuvirki sem gerð eru eftir sömu teikningu, t.d. dreifistöðvar.

*Úrtaksskoðun:* Skoðun á ákveðnum hundradshluta raforkuvirkja/neysluveitna sem valinn er með slembiúrtaki.

*Úttekt:* Skoðun verks og staðfesting á að það uppfylli í einu og öllu tilskilin ákvæði í gildandi lögum, reglum og öðrum fyrirmælum.

*Verklagsreglur RER:* Reglur RER til frekari fyllingar á ákvæðum reglugerðar þessarar og stöðlum sem vísað er til í reglugerðinni og hlutaðeigandi aðilum er skylt að fara eftir.

*Vottun:* Aðferð sem þriðji aðili beitir til að veita formlega staðfestingu á því að vara, ferli eða þjónusta sé í samræmi við tilgreindar kröfur.

*Vottunarstofa:* Faggiltur aðili sem annast vottun.

*Vörumerki (trade mark):* Einkennismerki framleiðanda.

## 1.2 Almenn ákvæði.

### 1.2.1 Gildissvið.

Tilgangur reglugerðar þessarar er að draga sem mest úr hættu og tjóni af öllum raforkuvirkjum og truflunum á og af völdum starfrækslu þeirra.

Reglugerðin nær einnig m.a. til hreyfilhitara og hitara fyrir farrými bifreiða sem tengjast veitukerfi, búnaðar á farartækjum sem ýmist má tengja veitukerfi eða sérstökum rafala svo sem jarðbora eða verkstæðisbúnaðar, rafstöðva sem eru á farartækjum, raflagna í hjólhýsum, bílhýsum, vinnuskýlum á bifreiðum o.fl.

Ákvæði reglugerðarinnar ná ekki til eigin raflagna eða eigin búnaðar farartækja svo sem skipa, flugvéla og bifreiða, enda falli þau undir eftirlit annarra en Rafmagnseftirlits ríkisins. Til eigin raflagna eða búnaðar farartækja telst í þessu sambandi sá búnaður sem venjulega fær orku frá rafgeymum eða rafala farartækis, en ekki búnaður sem tengdur er almennu dreifikerfi eða sérstökum rafala í stað hins almenna dreifikerfis.

### 1.2.2 *Rekstrarfyrirkomulag og eftirlit.*

Eftirlit með því að fullnægt sé ákvæðum þessarar reglugerðar og laga, sem hún er byggð á, hefur stofnun sem nefnist Rafmagnseftirlit ríkisins, í reglugerð þessari einnig nefnt Rafmagnseftirlitið, skammstafað RER. Ráðherra skipar framkvæmdastjóra þess og nefnist hann rafmagnseftirlitsstjóri ríkisins.

Rafmagnseftirlit ríkisins skal rekið sem sjálfstæð stofnun með sérstöku reikningshaldi. Rafmagnseftirlitinu má skipta í sérstakar deildir og skrifstofur. Jafnframt er heimilt að fela aðilum utan stofnunar að sinna ákveðnum þáttum á verksviði hennar, í umboði Rafmagnseftirlitsins og undir þess eftirliti.

### 1.2.3 *Gerð raforkuvirkja.*

Raforkuvirki til vinnslu, umbreytingar, flutnings eða nýtingar raforku, með svo hárrí spennu, þeim straumstyrk eða þeirri tíðni að valdið geti lífshættu, heilsu- eða eignatjóni, skulu vera þannig gerð, notuð, haldið við og eftir þeim lituð að hætta eða truflanir af þeim verði eins litlar og við verður komið.

### 1.2.4 *Réttur til eftirlits og rannsóknna.*

Rafmagnseftirlit ríkisins og skoðunarstofa á þess vegum skulu ætíð hafa óhindraðan aðgang að þeim raforkuvirkjum sem það hefur eftirlit með og rétt til að gera þær athuganir og rannsóknir er það telur nauðsynlegar. Eigendum og umráðamönnum raforkuvirkja er skylt að veita Rafmagnseftirlitinu þá aðstoð er þörf krefur og það kann að óska eftir.

Rafmagnseftirliti ríkisins ber að koma á og viðhalda eftirlitskerfi sem nær til aðila sem starfa á þess vegum, raforkuvirkja, rafverktaka, söluaðila raffanga og allra annarra, sem undir reglugerð þessa falla. Rafmagnseftirlitið stýrir á þann hátt eftirliti til að tryggja að gerð, frágangur og meðferð raforkuvirkja sé í öllu samkvæmt gildandi lögum og reglum, og að fullnægjandi öryggi sé gegn hættu og tjóni af þeirra völdum.

Rafmagnseftirlitið getur þar til úrskurður eða dómur gengur í máli tekið í sína vörslu eða innsiglað rafföng eða hvers konar hluta raforkuvirkja sem teljast varhugaverðir að þess mati og sem ekki fullnægja skilyrðum reglugerðar þessarar.

### 1.2.5 *Fagleg gerð, viðhald, útlit, náttúruvernd.*

Sérhvert raforkuvirki skal vera faglega gert og þannig frá því gengið að það verði ekki að þarflausu til lýta í umhverfi sínu. Setning, breytingar og viðgerðir tilkynningarskyldra raforkuvirkja skulu framkvæmdar af sérhæfðum mönnum er hafa þá kunnáttu til að bera sem krafist er í þessari reglugerð.

Eigendum og umráðamönnum raforkuvirkja er skylt að sjá um að raforkuvirkjum sé vel við haldið og eftirlit með þeim sé þannig að þau séu ávallt í samræmi við þær öryggiskröfur sem reglugerðin mælir fyrir um.

Framkvæmdum við raforkuvirki skal haga þannig að sem minnst mengun, tjón, röskun á náttúru og umhverfi eða lýti hljótist af. Ef deilumál rísa um mat á mengunarhættu, náttúruspjöllum eða lýtum skal haft samráð við umhverfisráðuneytið.

#### 1.2.6 *Upplýsingaskylda.*

Eigendum og umráðamönnum raforkuvirkja er ávallt skylt að láta Rafmagnseftirlitinu eða aðila á þess vegum í té allar upplýsingar er það kann að óska eftir um gerð, tilhögun og rekstur raforkuvirkja þeirra, svo og upplýsingar vegna almennrar skýrslugerðar um raforkuvirki.

Eigendum og umráðamönnum raforkuvirkja er skylt að tilkynna Rafmagnseftirlitinu tafarlaust um hvert það slys eða tjón (svo sem bruna) er kann að verða af völdum raforkuvirkja eða raflagna og tækja sem notuð eru í sambandi við þau. Gerð skal full grein fyrir öllum atriðum sem kunn eru og geta skýrt orsök og upptök slyss eða tjóns.

#### 1.2.7 *Umbætur á raforkuvirkjum.*

Rafmagnseftirlitið getur ef það telur nauðsynlegt, fyrirskipað umbætur og breytingar á raforkuvirkjum til varnar gegn hættu, tjóni og truflunum skv. gr. 1.2.3. Slíkar umbætur eða breytingar ber að framkvæma tafarlaust að fyrirsögn þess. Það getur bannað notkun virkjanna og aftengt þau ef þörf krefur þar til fullnægjandi umbótum er lokið.

#### 1.2.8 *Kostnaður af öryggisráðstöfunum.*

Raforkuvirki mega ekki hafa í för með sér hættu á tjóni á lífi, heilsu eða eignum manna eða hættu á truflunum á starfrækslu virkja sem fyrir eru. Sé unnt að afstýra því með öryggisráðstöfunum, skulu þær gerðar á kostnað eiganda hinna nýju virkja. Þó má skylda eiganda hinna eldri virkja að bera nokkurn hluta kostnaðarins, ef framkvæmd öryggisráðstafana er til verulegra hagsbóta fyrir starfrækslu þeirra framvegis. Svo má og ákveða að eigandi hinna eldri virkja skuli kosta að nokkru eða öllu leyti þær öryggisráðstafanir sem framvegis verða hluti af hans virkjum og hans eign, ef þær eru nauðsynlegar sökum þess, að hin eldri virki hafa verið ófullkomnari eða miður trygg en venja er til eða krafist er um ný virki á þeim tíma þegar ráðstafanirnar koma til framkvæmda.

#### 1.2.9 *Frekari reglur og undanþágur.*

- (1) Rafmagnseftirliti ríkisins er heimilt að setja reglur í formi verklagsreglna, orðsendinga eða á annan skriflegan hátt um gerð, tilhögun og starfrækslu raforkuvirkja og eftirlit með þeim til frekari fyllingar reglugerð þessari eða staðla sem vísað er til. Tilkynna skal iðnaðarráðuneytinu slíkt, sem auglýsir í Stjórnartíðindum að þess háttar reglur eða orðsendingar hafi verið settar og hvar afla megi frekari upplýsinga um þær.
- (2) Rafmagnseftirliti ríkisins er heimilt að veita leyfi til að víkja frá reglum um gerð, tilhögun og starfrækslu, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi og á annan fullnægjandi hátt er tryggt öryggi gegn hættu og tjóni að dómi þess.

#### 1.2.10 *Ágreiningur og úrskurður.*

- (1) Reglum og fyrirmælum sem Rafmagnseftirlitið setur samkvæmt gr. 1.2.9 er öllum hlutaðeigandi skylt að hlíta.
- (2) Rafmagnseftirlitsstjóri sker úr ágreiningi um:
  - a) hvort raforkuvirki hafi í för með sér hættu á tjóni á lífi, heilsu og eignum manna, eða hættu á truflunum við starfrækslu eldri virkja;
  - b) hvaða öryggisráðstafanir skuli framkvæma til að afstýra hættum og truflunum;

- c) hver eigi að koma ráðstöfunum skv. b-lið í verk;
  - d) hvort og að hve miklu leyti eigandi hinna eldri virkja skuli taka þátt í kostnaðinum við þær.
- (3) Fyrirmælum Rafmagnseftirlits ríkisins getur hlutaðeigandi skotið til úrskurðar iðnaðarráðherra innan fjögurra vikna frá því aðila var kunnugt um fyrirmælin eða mátti vera um þau kunnugt. Aðila er þó skylt að hlíta fyrirmælum Rafmagnseftirlitsins til bráðabirgða þar til úrskurður ráðherra liggur fyrir.

### 1.2.11 Eldri raforkuvirki.

Auk nýrra raforkuvirkja taka ákvæði þessarar reglugerðar til stækkana og breytinga á eldri raforkuvirkjum. Reglur um rekstur raforkuvirkja skulu þó gilda um bæði gömul og ný virki. Rafmagnseftirlit ríkisins getur jafnframt ákveðið að einstök ákvæði reglugerðarinnar taki einnig til raforkuvirkja sem tekin voru í notkun fyrir gildistöku þessarar reglugerðar, sé það talið nauðsynlegt af öryggisástæðum.

## 1.3 Skoðunarstofur.

### 1.3.1 Hlutverk.

Rafmagnseftirliti ríkisins er heimilt að fela skoðunarstofu eða skoðunarstofum hér á landi að annast skoðanir og eftirlit í umboði og á vegum Rafmagnseftirlits ríkisins.

Hlutverk skoðunarstofu er að skoða og að hafa eftirlit með rafveitum og iðnaðarveitum, skoða og framkvæma úttektir á neysluveitum, annast framkvæmd markaðseftirlits raffanga og annast skoðun á aðstöðu og búnaði rafverktaka.

Skoðunarstofu skal heimill aðgangur að þeim raforkuvirkjum sem hún á að hafa eftirlit með og til að gera þær athuganir og rannsóknir, er hún telur nauðsynlegar til að annast það verkefni sem henni hefur verið falið skv. starfsleyfi hennar. Á sama hátt er skoðunarstofu með tilskilið starfsleyfi heimilt að kanna rafföng hjá ábyrgðaraðilum og öðrum seljendum svo og aðstöðu og búnað rafverktaka.

### 1.3.2 Almenn um starfsleyfi.

Rafmagnseftirlit ríkisins veitir starfsleyfi til reksturs skoðunarstofa á rafmagnssviði í umboði RER.

Starfsleyfi er skilgreint og bundið við eitt eða fleiri eftirfarandi starfssvið:

- Eftirlit með raforkuvirkjum með málspennu yfir 1000 V riðspennu eða 1500 V jafnspennu.
- Eftirlit með raforkuvirkjum með málspennu til og með 1000 V riðspennu eða 1500 V jafnspennu.
- Eftirlit með rafföngum á markaði.
- Skoðun á aðstöðu og búnaði rafverktaka.

Landið allt er eitt starfssvæði og er skoðunarstofan skuldbundin til að sinna öllum skoðunarbeiðnum sem henni berast, hvaðan sem þær berast, og skal gilda sama grunngjald fyrir sömu þjónustu hvar sem er á landinu. Um útboð skoðunarverkefna gilda almennar samkeppnisreglur og staðallinn ÍST 30, eins og við á.

Starfsleyfi skoðunarstofa er veitt til fimm ára í senn. Starfsleyfi fellur niður ef skoðunarstofa gerist brotleg við eitthvert þeirra skilyrða sem sett eru við veitingu starfsleyfisins. Starfsleyfi fellur einnig niður ef skoðunarstofa hættir starfsemi af einhverjum ástæðum. Framsal starfsleyfis er óheimilt.

Rafmagnseftirliti ríkisins er heimilt að kanna starfsemi skoðunarstofa eins og þurfa þykir. Slík könnun er óháð reglulegu eftirliti faggildingaraðila.

Um starfsleyfi skoðunarstofa, skilyrði, búnað, aðstöðu o.fl. er heimilt að setja nánari ákvæði í verklagsreglur RER um starfsemi skoðunarstofa og rafveitna.

### 1.3.3 Skilyrði fyrir starfsleyfi.

Aðili sem hyggst stofna til reksturs skoðunarstofu á rafmagnssviði skal sækja um starfsleyfi til Rafmagnseftirlits ríkisins. Til að öðlast slíkt leyfi skulu eftirfarandi skilyrði uppfyllt:

- (1) Skoðunarstofa skal vera faggilt í samræmi við reglugerð um starfssemi faggiltra skoðunarstofa.
- (2) Skoðunarstofa skal hafa í föstu starfi tæknilegan stjórnanda með menntun og reynslu á því sviði sem hún starfar á og sem ber ábyrgð á skoðuninni. Hæfniskröfur skulu vera eins og skilgreindar eru í grein 1.4.2.
- (3) Skoðunarstofa skal hafa nægilegan fjölda fastra starfsmanna með fullnægjandi þekkingu og reynslu til að annast þá þjónustu sem veita skal. Hæfniskröfur skoðunarmanna skulu vera eins og skilgreindar eru í grein 1.4.3.
- (4) Skoðunarstofa skal hafa yfir að ráða hentugum mælum og öðrum tækjabúnaði til að geta fullnægt kröfum reglugerðar um raforkuvirki og verklagsreglum Rafmagnseftirlits ríkisins. Nákvæmnisvið mælitækja skal fullnægja verklagsreglum Rafmagnseftirlits ríkisins.
- (5) Skoðunarstofa skal vera tengd miðlægri skrá RER og færa upplýsingar í hana í samræmi við verklagsreglur RER.
- (6) Skoðunarstofa skal fullnægja kröfum um hlutleysi þriðja aðila. Til þess að svo megi verða skal enginn einn aðili eða hópur aðila sem hefur hagsmuni af niðurstöðum skoðana eða prófana eiga stærri hlut í skoðunarstofu en nemur 40% af heild eða hafa ráðandi atkvæðaafli í stjórn stofunnar.

### 1.3.4 Leyfissviptingar.

RER getur svipt skoðunarstofu starfsleyfi, ef leyfisskiyrði eru ekki lengur uppfyllt samkvæmt ákvæðum reglugerðar þessarar og mati RER. Sama á við ef skoðunarstofa hlítir ekki fyrir mælum RER, vanrækir hlutverk sitt og skyldur eða sýnir af sér ítrekaða óvarkárni í starfi. Sviptingu starfsleyfis má skjóta til úrskurðar iðnaðarráðherra innan fjögurra vikna frá því svipting kom til.

### 1.3.5 Starfsleyfi til bráðabirgða.

Við útgáfu starfsleyfis til skoðunarstofu í fyrsta sinn er Rafmagnseftirliti ríkisins heimilt að veita bráðabirgðastarfsleyfi án þess að skoðunarstofan hafi hlotið faggildingu, enda hafi hún sent inn fullnægjandi umsókn um faggildingu til Löggildingarstofunnar og hún verið samþykkt. Bráðabirgðastarfsleyfi getur aldrei gilt lengur en í eitt ár.

Skoðunarstofa sem æskir slíks starfsleyfis til bráðabirgða, skal í umsókn þar að lútandi gera grein fyrir á hvern hátt hún hyggst á aðlögunartímanum byggja upp starfsemi sína til að uppfylla öll þau ákvæði er liggja til grundvallar fullu starfsleyfi.

### 1.3.6 Ákvæði til bráðabirgða.

- (1) Vegna aðlögunar að nýju eftirlitskerfi er rafveitum, með samkomulagi við RER, veitt heimild til 1. ágúst 1995, að annast skoðun og úttektir nýrra neysluveitna, sem falla undir 1. áhættuflokk (gr. 1.6.2) og eldri neysluveitna. Slíkt samkomulag skal frágengið fyrir 1. nóvember 1993. Eftirlitsmenn rafveitna starfa á ábyrgð þeirra og skulu uppfylla skilyrði um starfsleyfi skoðunarmanna (gr. 1.4.3).
- (2) Neysluveitur sem ekki eru fullgerðar við gildistöku þessarar reglugerðar, og því ekki úttektarhæfar á þeim tíma, skulu falla undir ákvæði hennar verði þeim lokið eftir 1. janúar 1994.

**1.4 Hæfniskröfur.***1.4.1 Ábyrgðarmaður raforkuvirkja rafveitna og iðnaðarveitna.*

Ábyrgðarmaður raforkuvirkja rafveitna og iðnaðarveitna skal:

- (1) hafa lokið fullnaðarprófi frá rafmagnsdeild viðurkennds verkfræðiháskóla (sterkstraumssviði) og hafa að auki tveggja ára reynslu að loknu námi við störf sem að rafvirkjun lúta við háspennuvirki, eða
- (2) hafa lokið fullnaðarprófi frá rafmagnsdeild viðurkennds tæknifræðiskóla (sterkstraumssviði) og hafa að auki tveggja ára reynslu að loknu námi við störf sem að rafvirkjun lúta við háspennuvirki.

*1.4.2 Tæknilegur stjórnandi skoðunarstofu.*

Tæknilegur stjórnandi skoðunarstofu skal:

- (1) hafa lokið fullnaðarprófi frá rafmagnsdeild viðurkennds verkfræðiháskóla (sterkstraumssviði), eða
- (2) hafa lokið fullnaðarprófi frá rafmagnsdeild viðurkennds tæknifræðiskóla (sterkstraumssviði).

Að auki skal hann hafa reynslu af rafmagnseftirlitsstörfum.

*1.4.3 Skoðunarmaður.***1.4.3.1 Lágspenna.**

Skoðunarmaður lágspennuvirkja skal:

- (1) hafa lokið fullnaðarprófi frá rafmagnsdeild viðurkennds verkfræðiháskóla (sterkstraumssviði) og hafa að auki tveggja ára reynslu að loknu námi við störf sem að rafvirkjun lúta við lágspennuvirki, eða
- (2) hafa lokið fullnaðarprófi frá rafmagnsdeild viðurkennds tæknifræðiskóla (sterkstraumssviði) og hafa að auki tveggja ára reynslu að loknu námi við störf sem að rafvirkjun lúta við lágspennuvirki, eða
- (3) hafa sveinsbréf í rafvirkjun og hafa lokið prófi í rafmagnsiðnfræði (sterkstraumssviði) frá Tækniskóla Íslands eða öðrum viðurkenndum skóla og hafa að auki tveggja ára reynslu að loknu námi við störf sem að rafvirkjun lúta við lágspennuvirki.

**1.4.3.2 Háspenna.**

Skoðunarmaður háspennuvirkja skal:

- (1) hafa lokið fullnaðarprófi frá rafmagnsdeild viðurkennds verkfræðiháskóla (sterkstraumssviði) og hafa að auki tveggja ára reynslu að loknu námi við störf sem að rafvirkjun lúta við háspennuvirki, eða
- (2) hafa lokið fullnaðarprófi frá rafmagnsdeild viðurkennds tæknifræðiskóla (sterkstraumssviði) og hafa að auki tveggja ára reynslu að loknu námi við störf sem að rafvirkjun lúta við háspennuvirki, eða
- (3) hafa sveinsbréf í rafvirkjun og hafa lokið prófi í rafmagnsiðnfræði (sterkstraumssviði) frá Tækniskóla Íslands eða öðrum viðurkenndum skóla og hafa að auki tveggja ára reynslu að loknu námi við störf sem að rafvirkjun lúta við háspennuvirki.

*1.4.4 A-löggilding.*

Sá sem vill öðlast A-löggildingu, sem er löggilding til rafvirkjunarstarfa við háspennuvirki, verður að:

- (1) hafa lokið fullnaðarprófi frá rafmagnsdeild viðurkennds verkfræðiháskóla (sterkstraumssviði) og hafa að auki tveggja ára reynslu að loknu námi við störf sem að rafvirkjun lúta við háspennuvirki, eða
- (2) hafa lokið fullnaðarprófi frá rafmagnsdeild viðurkennds tæknifræðiskóla (sterk-

- straumssviði) og hafa að auki tveggja ára reynslu að loknu námi við störf sem að rafvirkjun lúta við háspennuvirki, eða
- (3) hafa sveinsbréf í rafvirkjun og hafa lokið prófi í rafmagnsiðnfræði (sterkstraumssviði) frá Tækniskóla Íslands eða öðrum viðurkenndum skóla og hafa að auki tveggja ára reynslu að loknu námi við störf sem að rafvirkjun lúta við háspennuvirki, eða
  - (4) hafa sveinsbréf í rafvirkjun og hafa lokið prófi í meistaranámi rafiðna (sterkstraumssviði) frá viðurkenndum skóla og hafa að auki tveggja ára reynslu að loknu námi við störf sem að rafvirkjun lúta við háspennuvirki. Sbr. þó ákvæði til bráðabirgða, gr. 1.4.7.

Ennfremur skulu umsækjendur leggja fram vottorð skoðunarstofu um úttekt á búnaði og aðstöðu.

#### 1.4.5 B-löggilding.

Sá sem vill öðlast B-löggildingu, sem er löggilding til rafvirkjunarstarfa við lágspennuvirki, verður að:

- (1) hafa lokið fullnaðarprófi frá rafmagnsdeild viðurkennds verkfræðiháskóla (sterkstraumssviði) og hafa að auki tveggja ára reynslu að loknu námi við störf sem að rafvirkjun lúta við lágspennuvirki, eða
- (2) hafa lokið fullnaðarprófi frá rafmagnsdeild viðurkennds tæknifræðiskóla (sterkstraumssviði) og hafa að auki tveggja ára reynslu að loknu námi við störf sem að rafvirkjun lúta við lágspennuvirki, eða
- (3) hafa sveinsbréf í rafvirkjun og hafa lokið prófi í rafmagnsiðnfræði (sterkstraumssviði) frá Tækniskóla Íslands eða öðrum viðurkenndum skóla og hafa að auki tveggja ára reynslu að loknu námi við störf sem að rafvirkjun lúta við lágspennuvirki, eða
- (4) hafa sveinsbréf í rafvirkjun og hafa lokið prófi í meistaranámi rafiðna (sterkstraumssviði) frá viðurkenndum skóla og hafa að auki tveggja ára reynslu að loknu námi við störf sem að rafvirkjun lúta við lágspennuvirki. Sbr. þó ákvæði til bráðabirgða, gr. 1.4.7.

Ennfremur skulu umsækjendur leggja fram vottorð skoðunarstofu um úttekt á búnaði og aðstöðu.

#### 1.4.6 C-löggilding.

Sá sem vill öðlast C-löggildingu, sem er takmörkuð löggilding til rafvirkjunarstarfa við háspennu- eða lágspennuvirki, verður að:

- (1) hafa lokið fullnaðarprófi frá rafmagnsdeild viðurkennds verkfræðiháskóla (sterkstraumssviði) og hafa að auki tveggja ára reynslu að loknu námi við störf sem að rafvirkjun lúta við háspennu- og/eða lágspennuvirki, eða
- (2) hafa lokið fullnaðarprófi frá rafmagnsdeild viðurkennds tæknifræðiskóla (sterkstraumssviði) og hafa að auki tveggja ára reynslu að loknu námi við störf sem að rafvirkjun lúta við háspennu- og/eða lágspennuvirki, eða
- (3) hafa sveinsbréf í rafvirkjun og hafa lokið prófi í rafmagnsiðnfræði (sterkstraumssviði) frá Tækniskóla Íslands eða öðrum viðurkenndum skóla og hafa að auki tveggja ára reynslu að loknu námi við störf sem að rafvirkjun lúta við háspennu- og/eða lágspennuvirki, eða
- (4) hafa sveinsbréf í rafvirkjun og hafa lokið prófi í meistaranámi rafiðna (sterkstraumssviði) frá viðurkenndum skóla og hafa að auki tveggja ára reynslu að loknu námi við störf sem að rafvirkjun lúta við háspennu- og/eða lágspennuvirki. Sbr. þó ákvæði til bráðabirgða, gr. 1.4.7.

Ennfremur skulu umsækjendur leggja fram vottorð skoðunarstofu um úttekt á búnaði og aðstöðu.

Rafverktaki sem öðlast hefur C-löggildingu má einungis starfa við þau raforkuvirki sem heyra undir fyrirtækið sem hann starfar hjá. Fyrirtækið sér honum fyrir búnaði og aðstöðu.

#### 1.4.7 Ákvæði til bráðabirgða.

- (1) Þar til ný reglugerð um meistaranám rafiðna hefur verið gefin út, gilda þau skilyrði fyrir rafverktakanám sem fram koma í *námsskrá fyrir rafverktakanám nr. 372/1986*.
- (2) Aðili sem sækir um A-löggildingu eða háspennuhluta C-löggildingar skal, auk skilyrðisins í lið (1), hafa a.m.k. 10 ára reynslu að loknu sveinsprófi við störf sem að rafvirkjun lúta, þar af a.m.k. 5 ára reynslu við háspennuvirki.
- (3) Aðili sem sækir um B-löggildingu eða lágspennuhluta C-löggildingar skal, auk skilyrðisins í lið (1), hafa a.m.k. 4 ára reynslu að loknu sveinsprófi við störf sem að rafvirkjun lúta við lágspennuvirki.
- (4) Þeir eftirlitsmenn sem hafa verið viðurkenndir af RER til skoðunarstarfa samkvæmt eldri reglugerð skulu halda þeim réttindum.

### 1.5 Eftirlit með rafveitum og iðnaðarveitum.

#### 1.5.1 Almenn.

Eftirlit með rafveitum er tvíþætt:

- (1) Innra eftirlit rafveitunnar sjálfrar.
- (2) Eftirlit undir faglegrí umsjón RER.  
Ákvæði þessa kafla eiga einnig við um iðnaðarveitur.

#### 1.5.2 Innra eftirlit.

Rafveitum ber, í samráði við RER, að koma sér upp skilgreindu innra eftirlitskerfi til að tryggja öryggi eigin raforkuvirkja og fullnægjandi stjórn á rekstri stöðva og veituvirkja. Það skal a.m.k. fela í sér:

- ákveðið skipulag og skilgreiningu á því hver beri ábyrgð á að nauðsynlegu viðhaldi sé sinnt;
- skilgreindar verklagsreglur um eftirlit rafveitu með virkjum í rekstri. úttektir og eftirlit á nýjum virkjum og endurbótum eldri virkja; – reglur um greiningu, skráningu og flokkun athugasemda auk þess hvernig bregðast skal við athugasemdum.

Hafi rafveitur ekki komið upp skilgreindu innra eftirlitskerfi fyrir 1. ágúst 1995, tvöfaldast hundradshluti virkja í slembiúrtaki.

Sjá nánari kröfur í verklagsreglum RER um starfsemi skoðunarstofa og rafveitna.

#### 1.5.3 Eftirlit skoðunarstofu.

Hlutverk skoðunarstofu í eftirliti með rafveitum er tvíþætt:

- (1) Að annast í umboði RER skoðun á innra eftirlitskerfi rafveitunnar og framkvæmd viðhaldsáætla.
- (2) Að annast í umboði RER heildarskoðanir á nýjum raforkuvirkjum, sem talin eru upp í gr. 1.5.4.2 fyrir spennusetningu og úrtaksskoðanir á raforkuvirkjum í rekstri. Að auki ber henni að skoða ný lágspennudreifikerfi og stöðluð raforkuvirki með málspennu undir 22 kV með úrtaksskoðun. Raforkuvirki eru valin með slembiúrtaki skv. verklagsreglum RER um starfsemi skoðunarstofa og rafveitna.

#### 1.5.4 Opinbert eftirlit.

##### 1.5.4.1 Almenn.

Öll raforkuvirki rafveitna svo og breytingar á þeim skal tilkynna til RER, eins og nánar er kveðið á um í verklagsreglum RER um starfsemi skoðunarstofa og rafveitna. Þessar tilkynningar eru:

- (1) Tilkynning um fyrirhugaða byggingu nýs raforkuvirkis eða um meiriháttar breytingar á eldra virki.
- (2) Tilkynning um spennusetningu nýs raforkuvirkis eða virkis sem hefur verið breytt.

#### 1.5.4.2 Tilkynningar um fyrirhugaðar byggingar háspennuvirkja.

Tilkynna skal um öll háspennuvirki áður en framkvæmdir hefjast, s.s. raforkuver, flutnings-, tengi-, spenna-, véla- og þéttavirki svo og riðilstöðvar. Undanþegin þessu ákvæði eru stöðluð raforkuvirki með málspennu undir 22 kV.

Áður en rafveita hefur framkvæmdir við ofangreind raforkuvirki, ber henni að senda RER tilkynningu þar að lútandi. Í kjölfar samnings rafveitu við skoðunarstofu skulu fylgja frumhönnunargögn, nægjanlega ítarleg til þess að unnt sé að undirbúa skoðun (s.s. afstöðumyndir, einlínumyndir og tengimyndir).

#### 1.5.4.3 Tilkynningar um spennusetningu háspennuvirkja.

Tilkynna þarf öll háspennuvirki áður en þau eru spennusettt, þ.m.t. stöðluð raforkuvirki með málspennu undir 22 kV. Rafveita skal tilkynna til RER og skoðunarstofu um fyrirhugaða spennusetningu svo tímanlega að skoðunarstofan geti lokið sínum skoðunum áður en virkið er spennusettt. Það á þó ekki við um stöðluð raforkuvirki með málspennu undir 22 kV, sem verða valin til skoðunar með slembiúrtaki. Skoðanir verði framkvæmdar samkvæmt verklagsreglum RER um starfsemi skoðunarstofa og rafveitna.

#### 1.5.4.4 Tilkynningar um lágspennudreifikerfi.

Rafveitu ber að tilkynna til RER fyrirhugaðar breytingar á lágspennudreifikerfum og hlutum þeirra í byrjun hvers framkvæmdaárs.

Tilkynningar um hvaða hlutar lágspennudreifikerfis hafa verið spennusettir skal senda RER og skoðunarstofu með hæfilegu millibili eftir umfangi breytinganna. Tíðni þeirra tilkynninga er háð samkomulagi skoðunarstofu og rafveitu.

#### 1.5.5 Vægi athugasemda.

Athugasemdir, sem gerðar eru við skoðun og úttektir, eru flokkaðar eftir vægi þeirra gagnvart öryggi og áhættu í samræmi við verklagsreglur RER um starfsemi skoðunarstofa og rafveitna.

Í verklagsreglum RER er heimilt að setja nánari ákvæði um vægi athugasemda og frest til lagfæringa. Frestur skal almennt styttri en fjórar vikur og að hámarki tólf vikur. RER er þó heimilt að veita lengri frest ef ástæða þykir til.

#### 1.5.6 Ábyrgð á raforkuvirkjum rafveitna og iðnaðarveitum.

Rafveitur skulu tilnefna ábyrgðarmann sem ber ábyrgð á því að unnið sé samkvæmt skilgreindu innra eftirlitskerfi fyrir raforkuvirkið. Tilkynna skal RER nafn og kunnáttu ábyrgðarmannsins sem skal uppfylla hæfniskröfur skv. grein 1.4.1 um hæfniskröfur. Ábyrgðarsvið ábyrgðarmanns skal vera skilgreint í innra eftirlitskerfi rafveitunnar.

Ábyrgðarmanni er heimilt að framselja öðrum umboð sitt. Það skal gert skriflega. Eftir sem áður ber ábyrgðarmaðurinn ábyrgð á því að sá sem hann gerir að fulltrúa sínum gegni sínu starfi í samræmi við settar reglur. Í eftirlitskerfi viðkomandi rafveitu skal vera nánari lýsing á framsalsferlinu.

Sá sem ábyrgðarmaður gerir að fulltrúa sínum, skal a.m.k.:

- (1) hafa sveinsbréf í rafvirkjun og hafa lokið prófi í rafmagnsiðnfræði (sterkstraumssviði) frá Tækniskóla Íslands eða frá öðrum viðurkenndum skóla og hafa að auki tveggja ára reynslu að loknu námi við störf er að rafvirkjun lúta við háspennuvirki, eða
- (2) hafa sveinsbréf í rafvirkjun og hafa lokið prófi í meistaranámi rafiðna (sterkstraumssviði)

frá viðurkenndum skóla og hafa að auki tveggja ára reynslu að loknu námi við störf er að rafvirkjun lúta við háspennuvirki. Sbr. þó ákvæði til bráðabirgða, gr. 1.4.7.

Ábyrgðarmaður skal vera þannig búsettur að hann geti haft reglubundna umsjón með ástandi og viðhaldi raforkuvirkja. Hann skal ekki vera svo bundinn af annarri starfsemi að það hindri störf hans sem ábyrgðarmanns.

## **1.6 Eftirlit með neysluveitum.**

### *1.6.1 Almenn.*

Allar neysluveitur, nýlagnir, breytingar og skoðanir skulu skráðar í miðlæga skrá RER, eins og kveðið er á um í verklagsreglum RER um eftirlit með neysluveitum.

Löggiltir rafverktakar skulu fara yfir eigin verk að þeim loknum samkvæmt verklagsreglum RER og tilkynna þau til rafveitu. Þetta gildir bæði um nýjar og eldri veitur. Löggiltum rafverktökum skal einnig heimilt að taka út eldri veitur vegna mats á þeim og skal sú úttekt lenda í úrtaksskoðun í samræmi við reglur þar að lútandi (gr. 1.6.4).

Skoðunarstofur sem hafa starfsleyfi frá RER til skoðunar á neysluveitum annast skoðanir og úttektir á nýjum og eldri veitum og skulu skila skýrslum um þær til viðkomandi rafveitu, eins og nánar er kveðið á um í verklagsreglum RER.

RER er heimilt að hafa samvinnu við tryggingafélög um úttekt eldri veitna og koma á gagnkvæmri upplýsingamiðlun um ástand þeirra.

Með einkarafstöðvar skulu fara á sama hátt og aðrar veitur.

### *1.6.2 Skráning og flokkun neysluveitna.*

RER annast skráningarkerfi neysluveitna, svonefnda miðlæga skrá, fyrir allt landið. Í skránni eru veiturnar flokkaðar eftir umfangi og áhættu.

Áhættuflokkar nýrra neysluveitna eru:

1. flokkur: Veitur með litla áraun og miðlungsáraun.
2. flokkur: Veitur með meiri áraun og áhættu en þær sem tilgreindar eru í 1. flokki, flóknar veitur og veitur sem almenningur gengur að jafnaði um.

Áhættuflokkar eldri neysluveitna eru:

1. flokkur: Veitur með lítilli áraun. Skoðaðar á 25 ára fresti.
2. flokkur: Veitur með miðlungsáraun. Skoðaðar á 10 ára fresti.
3. flokkur: Veitur með mikilli áraun. Skoðaðar á 5 ára fresti.
4. flokkur: Veitur með meiriháttar áraun og áhættu. Skoðaðar á 3 ára fresti.

RER er heimilt að krefjast tíðari skoðana á neysluveitum en að ofan greinir, ef ástæða þykir til þess. Í verklagsreglum RER er nánari skilgreining á áhættuflokkun neysluveitnanna.

Rafverktaka er skylt að afhenda rafveitu reyndarteikningar raflagna í einriti sem rafveita varðveitir í samráði við byggingarfulltrúa.

### *1.6.3 Úttektir nýrra neysluveitna.*

Neysluveitur eru valdar til úttektar í samræmi við áhættuflokkun þeirra (gr. 1.6.2).

RER velur nýjar neysluveitur sem falla undir 1. áhættuflokk til úrtaksúttektar með slembiúrtaki. Fjöldi neysluveitna í úrtaksúttekt verði allt að 10% frá hverjum rafverktaka á ári, þó aldrei færri en ein.

RER felur skoðunarstofu að annast úrtaksúttekt.

Allar nýjar neysluveitur sem falla undir 2. áhættuflokk skulu teknar út.

### *1.6.4 Úttektir eldri neysluveitna.*

RER velur eldri neysluveitur, sem rafverktakar hafa tekið út, til úrtaksúttektar með slembiúrtaki. Fjöldi neysluveitna í úrtaki verði allt að 5% frá hverjum rafverktaka á ári, þó aldrei færri en ein.

Eigandi neysluveitu er ábyrgur fyrir því að hún sé skoðuð með þeirri tíðni sem tilskilin er (gr. 1.6.2) og hún tilkynnt til RER. Tryggingafélagi neysluveitu skal heimilt að fylgjast með skoðunum og áminna eigendur um skoðun eins og þarf.

RER felur skoðunarstofu að annast úrtaksúttekt.

#### 1.6.5 *Gallar á veitu, slysa- eða brunahætta.*

Komi rafverktaki að, eða fái viðvörðun um, galla er af getur stafað slysa- eða brunahætta, í neysluveitu sem hann er að vinna við, skal hann tafarlaust gera viðeigandi ráðstafanir.

#### 1.6.6 *Vægi athugasemda.*

Athugasemdir, sem gerðar eru við skoðun og úttektir, eru flokkaðar eftir vægi þeirra gagnvart öryggi og áhættu í samræmi við verklagsreglur RER um starfsemi skoðunarstofa og rafveitna.

Í verklagsreglum RER er heimilt að setja nánari ákvæði um vægi athugasemda og frest til lagfæringa. Frestur skal að jafnaði veittur að hámarki í tólf vikur. RER er þó heimilt að veita lengri frest ef ástæða þykir til.

#### 1.6.7 *Greiðslur fyrir úttektir.*

- (1) Úrtaksúttektir nýrra neysluveitna, sem falla undir 1. áhættuflokk skulu greiddar af RER.
- (2) Kostnað af nýúttekt annarra neysluveitna en að ofan greinir skal eigandi veitu greiða skoðunaraðila beint. Úttekt skal fara fram eftir að skoðunarstofu hefur borist niðurstöður lokayfirferðar rafverktaka. Rafverktaki skal vera ábyrgur fyrir að úttekt fari fram á þeim verkum sem hann hefur tilkynnt.
- (3) Úrtaksúttektir eldri neysluveitna skulu greiddar af RER.
- (4) Kostnaður af reglubundnum skoðunum eldri neysluveitna (gr. 1.6.2) skal borinn af eiganda veitunnar. Breytingar sem gerðar verða á eldri neysluveitum skulu skoðaðar, og kostnaður greiddur, eins og um nýja veitu væri að ræða.
- (5) RER er heimilt að verja allt að 20% af árlegu rekstrarfé til úrtaksskoðana samkvæmt liðum (1) og (3).
- (6) Eiganda neysluveitu er heimilt að gera samning við váttryggingafélag um að félagið, fyrir hönd eiganda, kosti skyldubundna skoðun á veitu gegn skoðunargjaldi, sem endurgreiðist samkvæmt samkomulagi aðila, samhliða greiðslu iðgjalda fyrir brunatryggingu.
- (7) Ef verki er svo áfátt að aðra skoðun þarf til að það geti talist fullgott til úttektar skal kostnaður af slíkri aukaskoðun borinn af rafverktaka. Ennfremur greiðir hann fyrir þær aukaúttektir sem kunna að vera gerðar vegna galla sem fram komu við fyrri úttekt.

#### 1.6.8 *Ákvæði til bráðabirgða.*

Kostnaður við úrtaksskoðanir eldri neysluveitna sem voru orðnar skoðunarskyldar samkvæmt fyrri reglugerð (gr. 1.3.2 og 1.3.4) en voru óskoðaðar við gildistöku reglugerðar þessarar, skal borinn af viðkomandi rafveitu. Rafveitur skulu velja neysluveitur til úrtaksskoðunar með slembiúrtaki og fjöldi neysluveitna í úrtaki verði a.m.k. 5%. Rafveitur skulu, í samráði við RER, meta hvenær þessum úrtaksskoðunum skuli vera lokið. Skoðun þessara eldri veitna er á ábyrgð rafveitnanna og skal þeim lokið fyrir 1. ágúst 1995, sem er til samræmis við ákvæði til bráðabirgða, gr. 1.3.5 (2).

## 1.7 Eftirlit með rafföngum.

### 1.7.1 Almenn.

Ákvæði þessarar greinar um eftirlit með rafföngum, sem boðin eru fram í atvinnuskyni, eiga við um framleiðslu þeirra, innflutning, sölu, hvers konar framsal, notkun og aðra meðhöndlun.

Rafmagnseftirlit ríkisins gefur út skrár yfir rafföng eða flokka raffanga samkvæmt grein þessari.

### 1.7.2 Ákvæði um öryggi raffanga.

Rafföng má því aðeins setja á markað að hönnun þeirra, gerð og frágangur stofni ekki öryggi manna, húsdýra eða eigna í hættu þegar þau eru rétt upp sett, þeim við haldið og þau notuð með þeim hætti sem til er ætlast.

#### 1.7.2.1 Almenn ákvæði um öryggi raffanga.

Auðkenni raffanga skulu miðast við eftirfarandi:

- (1) Helstu kennistærðir sem einkenna rafföng og taka þarf tillit til svo að tryggja megi örugga og rétta notkun þeirra skulu skráðar á rafföngin eða, sé slíkt ekki mögulegt, í leiðbeiningum sem þeim fylgja.
- (2) Gerðarmerki raffanga ásamt nafni framleiðanda eða vörumerki skal standa skýrum stöfum á rafföngunum eða, sé slíkt ekki mögulegt, á umbúðum þeirra.
- (3) Rafföng og íhlutir þeirra skulu þannig gerð að tryggt sé að hægt sé að setja þau saman og tengja rétt og örugglega.
- (4) Hönnun og framleiðsla raffanga skal vera með þeim hætti að tryggð sé vörn gegn hættum sem nefndar eru í greinum 1.7.2.2. og 1.7.2.3, að því tilskildu að rafföngin séu rétt tengd, notuð eins og til er ætlast og viðhald þeirra sé fullnægjandi.

#### 1.7.2.2 Vörn gegn hættum sem stafa af rafföngum.

Ráðstafanir tæknilegs eðlis skulu miðaðar við:

- (1) að fólk og húsdýr séu nægilega varin gegn hættu á meiðslum eða öðrum hættum sem stafað geta af beinni eða óbeinni snertingu við rafmagn;
- (2) að ekki myndist hiti, ljósbogar eða geislun sem valdið geta hættu;
- (3) að fólk, húsdýr og eignir séu nægilega varin gegn hættum sem ekki eru raftæknilegs eðlis, en reynsla sýnir að rafföng geta valdið;
- (4) að einangrun raffanga sé fullnægjandi við þær aðstæður sem sjá má fyrir.

#### 1.7.2.3 Vörn gegn hættum sem orsakast geta af ytri áraun á rafföng.

Ráðstafanir tæknilegs eðlis skulu miðaðar við:

- (1) að rafföngin fullnægi þeim kraftrænu kröfum sem af þeim má vænta þannig að fólki, húsdýrum eða eignum sé ekki stofnað í hættu;
- (2) að rafföngin þoli þá áraun sem þau verða fyrir við þær umhverfisáðstæður sem vænta má, og ekki er kraftræn, þannig að fólki, húsdýrum og eignum sé ekki stofnað í hættu;
- (3) að rafföngin stofni ekki fólki, húsdýrum né eignum í hættu við óeðlileg rekstrarskilyrði sem sjá má fyrir, þ.m.t. fyrirsjáanlegt yfirálag.

### 1.7.3 Skyldur ábyrgðaraðila og annarra seljenda.

Ábyrgðaraðilar og aðrir seljendur skulu aðeins setja á markað rafföng sem fullnægja ákvæðum um öryggi.

#### 1.7.4 Staðlar.

Rafföng uppfylla almenn ákvæði um öryggi ef þau uppfylla öryggisákvæði staðla og samræmingarskjala CENELEC, sem staðfest hafa verið af Staðlaráði Íslands sem íslenskir staðlar eða staðlaígildi. Sama á við um öryggisákvæði CEE- eða IEC-staðla, ef staðlar CENELEC hafa ekki verið staðfestir.

Ef samhæfðir evrópskir staðlar skv. 1. mgr. eða öryggisákvæði skv. 2. mgr. eru ekki til, er heimilt að styðjast við öryggisákvæði staðla sem gilda í því framleiðslulandi sem á fulltrúa að CCA, enda tryggi þeir samsvarandi öryggi og krafist er á þeirra svæði.

Rafmagnseftirlit ríkisins birtir skrár yfir staðla skv. 1. og 2. mgr. í grein þessari.

#### 1.7.5 Markaðssetning og samræmi við staðla og ákvæði um öryggi.

Heimilt er að setja rafföng á markað ef sýnt er fram á samræmi þeirra við öryggisákvæði staðla skv. grein 1.7.4.

Einnig er heimilt að setja rafföng á markað, án þess að þau uppfylli ákvæði greinar 1.7.4, ef þau hafa verið prófuð af prófunarstofu sem viðurkennd er af CCA-aðilum, eða hafa gilda viðurkenningu Rafmagnseftirlits ríkisins.

Til að sýna fram á samræmi raffanga við öryggisákvæði staðla má setja merki um samræmi á þau, leggja fram vottorð um samræmi eða að öðrum kosti, einkum ef iðnaðarvélar eiga í hlut, með því að leggja fram yfirlýsingu framleiðanda um samræmi.

Merkin skulu studd vottorði. Merki og öll vottorð skulu vera staðfest af CCA-aðilum.

Ef rafföng eru sett á markað án þess að uppfylla ákvæði greinar 1.7.4 skal ábyrgðaraðili leggja fram prófunarskýrslu um samræmi raffanga við ákvæði um öryggi, samda af prófunarstofu sem viðurkennd er af CCA-aðila.

Rafmagnseftirlit ríkisins birtir skrár yfir aðila skv. grein þessari, ásamt sýnishornum af merkjum, vottorðum og yfirlýsingum um samræmi.

#### 1.7.6 Opinber markaðsgæsla með rafföngum.

Rafmagnseftirlit ríkisins annast opinbera markaðsgæslu.

Skoðunarstofa annast framkvæmd markaðseftirlits í umboði Rafmagnseftirlits ríkisins. Hún fylgist með rafföngum á markaði og aflar á skipulegan hátt upplýsinga um þau og tekur við kvörtunum og ábendingum frá neytendum og öðrum aðilum.

Samstarf Rafmagnseftirlits ríkisins og skoðunarstofu fer fram í sérstakri samvinnunefnd. Þar er fjallað um framkvæmd markaðseftirlits, áherslur í markaðseftirliti og athugasemdir skoðunarstofu um einstök rafföng. Samvinnunefnd gerir tillögur um aðgerðir til Rafmagnseftirlitsins sem tekur endanlega ákvörðun. Samvinnunefnd gerir tillögur um verklagsreglur um framkvæmd markaðsskoðunar, tíðni markaðsskoðunar, viðbrögð við ábendingum o.fl.

#### 1.7.7 Markaðsskoðun og rannsókn raffanga.

Skoðunarstofu er heimilt að skoða rafföng hjá seljanda og krefjast upplýsinga um ábyrgðaraðila. Hún á rétt á að taka sýnishorn raffanga til rannsókna. Seljanda er skylt að halda skrá með upplýsingum um ábyrgðaraðila allra þeirra raffanga sem hann hefur á boðstólum.

Ábyrgðaraðila er skylt að halda skrá yfir öll rafföng sem hann hefur á boðstólum. Hann skal einnig ávallt hafa tiltæk afrit af vottorðum eða yfirlýsingum um samræmi. Séu rafföngin ekki í samræmi við staðla eða öryggisákvæði skv. grein 1.7.4 skal ábyrgðaraðili ávallt hafa tiltæk afrit af prófunarskýrslum. Skoðunarstofa getur krafist ábyrgðaraðila um prófunarskýrslur, tæknilegar upplýsingar og aðrar nauðsynlegar upplýsingar um rafföng. Ábyrgðaraðila skal veittur eðlilegur frestur til að afla slíkra upplýsinga.

Skoðunarstofa skoðar rafföng hjá ábyrgðaraðilum, öðrum seljendum auk annarra er

kunna að hafa þau í sinni vörslu. Ef ástæða þykir til, rannsakar skoðunarstofan rafföngin nánar og ákvarðar hvort þau samræmist öryggisákvæðum skv. grein 1.7.4. Samræmistat fer fram með faglegu mati sem lýtur skilgreindum reglum eða með prófun. Prófun skal framkvæmd af prófunarstofu sem viðurkennd er af CCA-aðilum.

Rafmagnseftirlit ríkisins gefur út skrár yfir rafföng og um skjalavistun vottorða og samræmisyfirlýsinga skv. grein þessari.

Starfsmenn Rafmagnseftirlits ríkisins og skoðunarstofu eru bundnir þagnarskyldu um atriði er fram koma við rannsókn og varða atvinnuleyndarmál.

#### *1.7.8 Aðgerðir ef raffang uppfyllir ekki formskilyrði.*

Ef raffang uppfyllir ekki formleg skilyrði til markaðssetningar skv. grein 1.7.5 getur Rafmagnseftirlit ríkisins bannað sölu þess.

Ef ábyrgðaraðili torveldar skoðun eða rannsókn raffangs eða hefur ekki tiltæk gögn skv. grein 1.7.7 getur Rafmagnseftirlit ríkisins bannað sölu þess.

#### *1.7.9 Aðgerðir ef raffang uppfyllir ekki ákvæði um öryggi.*

Ef rökstuddur grunur leikur á að raffang uppfylli ekki ákvæði um öryggi getur Rafmagnseftirlit ríkisins ákveðið tímabundið bann við sölu þess á meðan á rannsókn stendur.

Þyki ljóst að raffang uppfylli ekki ákvæði um öryggi getur Rafmagnseftirlit ríkisins bannað sölu þess.

Ef raffang er álitíð sérstaklega hættulegt getur Rafmagnseftirlit ríkisins krafist tafarlausrar afturköllunar allra eintaka raffangsins. Ábyrgðaraðili skal lagfæra raffangið þannig að það uppfylli settar reglur eða afhenda kaupendum samskonar raffang en hættulaust eða endurgreiða kaupendum andvirði raffangsins. Rafmagnseftirlitið getur ákveðið að óheimilt sé að lagfæra raffang eða endurnýta það á annan hátt ef það telst sérstaklega hættulegt eða varhugavert að mati þess. Allar breytingar sem ábyrgðaraðili hyggst gera á búnaði sem RER hefur gert athugasemdir við, skulu hljóta samþykki RER áður en hann er settur á markað á ný.

#### *1.7.10 Samvinna við ábyrgðaraðila, rökstuðningur ákvörðunar og málskot til ráðherra.*

Rafmagnseftirlit ríkisins skal, eftir því sem unnt er, hafa samvinnu við ábyrgðaraðila um málsmeðferð, s.s. öflun gagna, skoðun og prófun raffanga og aðgerðir s.s. stöðvun sölu og afturköllun raffanga.

Rafmagnseftirliti ríkisins ber að tilkynna ábyrgðaraðilum um rökstudda ákvörðun sína svo fljótt sem unnt er. Ákvörðunin skal studd viðeigandi gögnum, sem eftir aðstæðum geta verið skoðunarskýrslur, prófunarskýrslur eða önnur gögn.

Ábyrgðaraðilum skal veittur 10 daga frestur til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri, þ.m.t. að fara fram á prófun eða endurprófun raffangar. Heimilt er að víkja frá þessu ákvæði ef raffang er álitíð sérstaklega hættulegt.

Heimilt er Rafmagnseftirliti ríkisins að endurskoða ákvörðun ef breyttar aðstæður eru fyrir hendi.

Ákvörðunum Rafmagnseftirlits ríkisins má skjóta til úrskurðar iðnaðarráðherra, sbr. gr. 1.2.10, en málskot frestar ekki framkvæmd ákvörðunar.

#### *1.7.11 Kostnaður við sýnishorn o.fl.*

Ábyrgðaraðilar bera kostnað vegna þeirra sýnishorna raffanga sem þeir láta af hendi vegna rannsókna. Að loknum rannsóknnum skal sýnishornum skilað eða þau eyðilögð með öruggum hætti.

## 1.8 Löggilding rafverktaka.

### 1.8.1 Almenn.

RER löggildir rafverktaka til rafvirkjunarstarfa að uppfylltum tilskildum kröfum og skráir þá í landsskrá. Löggiltir rafverktakar hafa jafnan rétt til rafvirkjunarstarfa og lúta sömu skyldum á landinu öllu. Löggilding er veitt til fimm ára í senn.

RER felur skoðunarstofu, með þar til skilin réttindi, að annast skoðun á aðstöðu og búnaði rafverktaka.

Um löggildingu rafverktaka, skilyrði, búnað, aðstöðu þeirra o.fl. er heimilt að setja nánari ákvæði í verklagsreglur RER um starfsemi rafverktaka.

### 1.8.2 Menntun og starfsreynsla.

Menntun og prófum rafverktaka skal komið fyrir í hinu almenna menntakerfi. Lágmarkskröfur eru, að almennar námsgreinar verði samkvæmt námskrá fyrir iðnsveina til meistaraþrófs og faglegar greinar fullnægi kröfum RER og samtaka rafiðnaðarins.

Löggildingarflokkar eru þrír, A-löggilding, sem er löggilding til rafvirkjunarstarfa við háspennuvirki, B-löggilding, sem er löggilding til rafvirkjunarstarfa við lágspennuvirki og C-löggilding sem er löggilding til rafvirkjunarstarfa við háspennu- eða lágspennuvirki innan vébanda ákveðins fyrirtækis, sbr. skilgreiningu hæfniskrafa í greinum 1.4.4 - 1.4.6.

### 1.8.3 Umsókn um löggildingu.

Umsókn um löggildingu skal send RER. Í henni skal koma fram eftirfarandi:

- nafn, kennitala og lögheimili umsækjanda,
- nafn, kennitala og lögheimili fyrirtækis sem umsækjandi starfar hjá,
- hvort umsækjandi óski A-, B- eða C-löggildingar,

Þá skulu ennfremur fylgja umsókn:

- vottorð um að umsækjandi fullnægi kröfum RER um menntun og starfsreynslu,
- vottorð faggiltrar skoðunarstofu um úttekt á búnaði og aðstöðu,
- afrit af ábyrgðartryggingarskirteini váttryggingarfélags, sbr. gr. 1.8.5.

### 1.8.4 Starfsemi rafverktaka.

Löggilding rafverktaka er tengd því fyrirtæki, sem rafverktakinn starfar við.

Aðeins einn löggiltur rafverktaki skal, að öðru jöfnu, bera ábyrgð á hverju rafverktaka-fyrirtæki. Heimilt er þó fyrirtækjum að hafa fleiri en einn löggiltan rafverktaka, ef verk- og ábyrgðarsvið þeirra eru skýrt aðgreind.

Löggiltur rafverktaki verður að hafa rafverktöku að aðalstarfi og skilgreinda stöðu innan fyrirtækis.

Rafverktaki skal uppfylla kröfur RER um fullnægjandi þjónustuskyldur rafverktaka um aðstöðu og búnað, verkbókhald og vistun gagna, yfirferð o.fl. sem tengist starfsemi rafverktaka. Um slík atriði skal nánar kveðið á í verklagsreglum RER um starfsemi rafverktaka.

### 1.8.5 Ábyrgðartrygging rafverktaka.

Rafverktaki skal hafa í gildi ábyrgðartryggingu fyrir atvinnurekstur sinn, sem taki til skaðabótaábyrgðar gagnvart öllum þeim sem hann kann að valda tjóni með starfsemi sinni.

### 1.8.6 Yfirferð rafverktaka.

Rafverktaki skal fara yfir eigin verk þegar hann lýkur tilteknu verki eða verkþætti. Einnig skal hann framkvæma yfirferð, ef skipt er um rafverktaka.

Lokayfirferð skal framkvæmd og skráð í samræmi við verklagsreglur RER um starfsemi rafverktaka.

### 1.8.7 Um löggildingu.

Þegar löggilding er veitt í fyrsta sinn, skal fara fram ítarleg úttekt á starfsumhverfi rafverktakans til þess að ganga úr skugga um að hann fullnægi tilskildum kröfum sem gerðar eru til starfsemi rafverktaka.

RER felur skoðunarstofu, með starfsleyfi til skoðunar á aðstöðu og búnaði rafverktaka, að yfirfara skipulag, stjórnun, aðstöðu, tækjabúnað, skráningu og vistun gagna þ.m.t. teikninga og úttektarskýrsla hjá rafverktökum, samkvæmt verklagsreglum RER um starfsemi skoðunarstofa og rafveitna. Rafverktaki sendir RER staðfestingu skoðunarstofu, ásamt öðrum gögnum, þegar hann sækir um löggildingu í fyrsta sinn sbr. gr. 1.8.3.

Þegar rafverktaki sækir um endurnýjun löggildingar skal hann senda RER undirritaða yfirlýsingu um að búnaður og aðstaða hans séu samkvæmt verklagsreglum RER um starfsemi rafverktaka. RER er síðan heimilt að láta skoða, hvenær sem er, hvort búnaðurinn og aðstaðan séu í samræmi við verklagsreglur.

### 1.8.8 Svípting löggildingar.

RER getur svipt rafverktaka löggildingu ef skilyrði reglugerðarinnar fyrir löggildingu eru ekki lengur fyrir hendi sbr. 2. mgr. greinar 1.8.3 eða ef rafverktaki hlítir ekki fyrir mælum RER, greiðir ekki tilskilin gjöld og kostnað sem honum ber að greiða skv. reglugerðinni, vanrækir starf sitt og skyldur gagnvart viðskiptavinum eða sýnir ítrekaða óvandvirkni í starfi. Svíptingu löggildingar skal ekki beitt fyrr en fyrir liggur umsögn nefndar um svíptingu löggildingar skv. 3. mgr. greinar 1.8.9. Ákvörðun um leyfissvíptingu skal senda viðkomandi í ábyrgðarbréfi eða með öðrum tryggilegum hætti.

### 1.8.9 Athugasemdir skoðunarstofu, viðbrögð og viðurlög.

Athugasemdir skoðunarstofu sem koma fram við skoðun á verkum rafverktaka skulu vera í samræmi við verklagsreglur RER um starfsemi skoðunarstofa og rafveitna.

Rafverktaki fær áminningu ef hann á tímabili á milli endurnýjunar löggildingar:

- hefur lent í aukaúttekt í úrtaksskoðun og/eða
- hefur í heildarskoðun fengið athugasemdir sem jafngilda þrem athugasemdum í 3. flokki um vægi athugasemda, fimmtán athugasemdum í 2. flokki og þrjátíu athugasemdum í 1. flokki, sbr. gr. 1.6.6.

Ef áminning dugar ekki, og enn eru gerðar athugasemdir við úttekt, skal RER safna saman úttektarskýrslum, sem gerðar hafa verið á verk viðkomandi rafverktaka og vísa málinu til nefndar, sem fjalla mun um svíptingu löggildingar rafverktaka. Nefndin skal skipuð þremur fulltrúum; einum frá RER, einum frá LÍR og einum frá SÍR.

### 1.8.10 Gjaldtaka.

Nýir rafverktakar sem sækja um löggildingu eftir 1. ágúst 1994 skulu sæta skoðun á aðstöðu og búnaði af hálfu skoðunarstofu. Að fengnu vottorði frá skoðunarstofu skulu þeir greiða sérstakt löggildingargjald til ríkissjóðs.

RER er heimilt og án fyrirvara, að láta framkvæma úrtaksskoðun og kanna hvort aðstaða og búnaður rafverktakans sé í samræmi við verklagsreglur RER. Slík úrtaksskoðun skal kostuð af RER. Sé úrbóta þörf hjá rafverktaka og verði að þeim loknum að skoða starfsemina á ný, skal sú skoðun kostuð af rafverktaka.

### 1.8.11 Ákvæði til bráðabirgða.

Starfandi rafverktakar skulu hafa fengið landslöggildingu, að undangenginni skoðun á aðstöðu og búnaði, fyrir 1. ágúst 1994. Á tímabilinu frá 1. ágúst 1993 til 1. ágúst 1994 skal aðstaða og búnaður skoðaður hjá öllum nýjum og starfandi rafverktökum á kostnað RER. Rafverktakar skulu þó greiða löggildingargjald til ríkissjóðs.

## **1.9 Eftirlitsgjöld.**

### *1.9.1 Rafveitueftirlitsgjald.*

Eigendur raforkuvera og rafveitna skulu greiða til ríkissjóðs rafveitueftirlitsgjald. Rafveitueftirlitsgjald skal reiknast af heildarandvirði raforkusölu þeirra og heildarendurgjaldi fyrir leigu mælitækja að frádregnu andvirði aðkeyptrar raforku og opinberum gjöldum sem á kynnu að verða lögð. Rafveitueftirlitsgjald skal vera 1% til 1. janúar 1995, en lækki þá og verði að hámarki 0,8%. Það lækki aftur frá og með 1. janúar 1996 og verði þá að hámarki 0,7%. Frá og með 1. janúar 1997 lækki það í 0,6% að hámarki. Rafmagnseftirlit ríkisins annast innheimtu þessa gjalds fyrir hönd ríkissjóðs.

Sérhver gjaldskyldur aðili skal ótilkvaddur mánaðarlega skila skýrslu til Rafmagnseftirlits ríkisins ásamt greiðslu. Í skýrslunni komi fram fjárhæð raforkukaupa og raforkusölu í síðasta almanaksmánuði, allir gjalda- og skattstofnar, svo og rafveitueftirlitsgjald það sem inna ber af hendi. Skýrslan skal undirrituð af þeim aðila, manni eða mönnum sem heimild hafa til að skuldbinda gjaldskylda aðila eða öðrum þeim sem til þess hafa sérstakt umboð samkvæmt stöðu sinni. Skýrslunni skal skilað í þríriti og áritar Rafmagnseftirlitið eitt afritið um móttöku skýrslunnar og dagsetningu móttöku. Skili gjaldskyldur aðili ekki skýrslu á réttum tíma skal Rafmagnseftirlitið áætla orkusölu þess aðila á grundvelli raforkusölu síðustu 12 mánaða og annarra atriða er máli skipta.

Nú notar eigandi raforkuvers sjálfur alla þá orku sem þar er unnin eða verulegan hluta hennar og hún er ekki mæld eða verðlögð eða ekki er vitað um tekjur af raforkusölu og má þá miða gjaldið við áætlaða orkunotkun, málafl rafala í raforkuveri eða við kostnað af eftirlitinu og greiðist Rafmagnseftirliti ríkisins samkvæmt reikningi þess.

Gjalddagi rafveitueftirlitsgjalds er 15. dagur næsta mánaðar eftir sölumánuð. Rafmagnseftirlitið skal gera ríkissjóði skil á innheimtu rafveitueftirlitsgjaldi fyrir lok næstamánaðar eftir sölumánuð. Beri eindaga upp á helgidag eða almennan frídag færist eindagi á næsta virkan dag á eftir. Séu eftirlitsgjöld eigi greidd á eindaga falla á hæstu leyfilegir dráttarvextir á hverjum tíma fyrir hvern byrjaðan mánuð, talið frá gjalddaga. Eftirlitsgjöld og dráttarvexti má taka lögtaki skv. l. nr. 29/1885.

Ágreining um gjaldskyldu eða gjaldstofn skv. þessari grein má bera undir ráðherra orkumála.

1.9.2 Uppfylli raffang ekki formskilyrði eða ákvæði um öryggi skal ábyrgðaraðili bera þann kostnað sem af hlýst vegna skoðunar, rannsóknar, prófunar, afturköllunar og málsmeðferðar.

## **1.10 Viðurlög og gildistaka.**

### *1.10.1 Viðurlög.*

Brot gegn ákvæðum þessarar reglugerðar, reglum og fyrirmælum sem settar eru með stöð í henni, varða sektum nema þyngri refsing liggji við að lögum.

Með mál út af brotum á reglugerð þessari og reglum og fyrirmælum sem sett eru með stöð í henni, skal fara að hætti opinberra mála.

Með dómi er heimilt að gera upptæk þau rafföng, sem framleidd eru, seld, afhent eða notuð andstætt skilyrðum reglugerðar þessarar.

### *1.10.2 Gildistaka.*

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum um Rafmagnseftirlit ríkisins nr. 60 31. maí 1979 og lögum um aukatekjur ríkissjóðs nr. 88, 31. desember 1991.

## 2. gr.

Í stað orðsins „raffangaprófunar“ í grein 3.111 (i) lið 3. tl. 203, undirgreinar komi orðið „RER“.

Orðið „raffangaprófunar“ í grein 3.31, undirgrein 505 og 507 og í grein 3.32, undirgrein 517 falli brott.

Í stað orðanna „raffangaprófun Rafmagnseftirlits ríkisins“ í grein 3.331, undirgrein 531 og grein 3.332 undirgrein 542 komi orðið „RER“.

## 3. gr.

Rafveitur skulu við gildistöku reglugerðar þessarar taka til endurskoðunar reglugerðir sínar og auglýsingar sem birtar hafa verið og fara í bága við ákvæði hennar og víkja skulu fyrir henni. Skal slíkri endurskoðun lokið fyrir 1. nóvember 1993.

## 4. gr.

Reglugerð þessi, um breytingu á reglugerð um raforkuvirki nr. 264, 31. desember 1971, er sett skv. lögum um Rafmagnseftirlit ríkisins nr. 60, 31. maí 1979 og lögum um aukatekjur ríkissjóðs nr. 88, 31. desember 1991 til að taka gildi 1. ágúst 1993 og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi auglýsing um rafverktakaleyfi nr. 441, 9. september 1988.

*Iðnaðarráðuneytið, 26. júlí 1993.*

F. h. r.

**Björn Friðfinnsson.**

Sveinn Þorgrímsson.

**REGLUGERÐ**

**um breyting á reglugerð nr. 71/1993, um undanþágu frá virðisauka-  
skatti vegna innflutnings á prentuðu máli.**

## 1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. gr.:

- a. Í stað orðanna „33 SDR“ í 1. mgr. komi: 50 SDR.
- b. Á eftir 1. mgr. komi ný málsgrein, sem orðist svo: Aðilar sem reglulega fá send prentuð gögn án endurgjalds frá útlöndum geta sótt um undanþágu frá hámarksfjárhæð til fjármálaráðuneytis.

## 2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 3. mgr. 36. gr. laga nr. 50/1988, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

*Fjármálaráðuneytið, 20. júlí 1993.*

F. h. r.

**Indriði H. Þorláksson.**

Jón H. Steingrímsson.